



Kópavogsbær

Loftslagsstefna 2022

*Auður Finnbogadóttir
Encho Plamenov Stoyanov
Jakob Sindri Þórsson
Sigrún María
September 2022*

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08.2026



Loftslagsstefna Kópavogsbæjar

- Gerð með hliðsjón af heildarstefnu bæjarins
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun
 - Leiðarljós flesta þjóða heims til ársins 2030
 - Birtist í mælikvörðum heimsmarkmiðavísitölu Kópavogs





Lög nr. 70/2012 um loftslagsmál

- Samkvæmt 5. gr. c. í [lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál](#) ber sveitarfélögum að setja sér loftslagsstefnu. Stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.





Tilgangur

- Tilgangur loftslagsstefnu Kópavogsbæjar er að draga úr heildaráhrifum loftslagsbreytinga á samfélagið. Hún inniheldur sýn sveitarfélagsins í málaflokknum og felur í sér eina stefnuáherslu þar sem tilgreind eru sex meginmarkmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun.





Framkvæmd og ábyrgð

- Ríkisstjórn Íslands hefur sett markmið um kolefnishlutleysi Íslands fyrir árið 2040. Af þessu tilefni mun Kópavogsbær leggja sitt af mörkum og taka virkan þátt í að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga.
- Bæjarstjórn ber ábyrgð á stefnunni
- Umhverfissvið ber ábyrgð á framkvæmd
- Aðrar stefnur og áætlanir Kópavogsbæjar hafa áhrif á loftslagsstefnu Kópavogs.





Stefnuáhersla og meginmarkmið



Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda

- Kópavogsbær stefnir að því að ná fram samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda miðað við árið 2019.
- Stefna bæjarins leggur áherslu á þátttöku allra í loftslagsmálum. Íbúar, fyrirtæki og hagsmunaaðilar innan bæjarfélagsins eru hvött til að vinna að umhverfismálum, lágmarka úrgang, draga úr losun og stuðla að umhverfisvænum lífsháttum.



Minnkað magn úrgangs



- Að minnka magn úrgangs í sveitarfélaginu. Stofnanir Kópavogsbæjar og fyrirtæki verði hvött til mælinga á úrgangi og íbúar meðal annars hvattir til að huga að matarsóun.





Aukin endurvinnsla



- Að leggja áherslu á aukna endurvinnslu þannig að hlutfall úrgangs sem er endurunnninn aukist. Horft er til samræmdra aðgerða í flokkun á milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og aukinnar fræðslu til íbúa, fyrirtækja og starfsmanna Kópavogsbæjar svo sem með bættu aðgengi að flokkun og upplýsingum þar um.



Vistvænir ferðamátar



- Að stuðla að fjölbreyttari og vistvænni ferðamátum. Dregið verði úr aukningu bílaumferðar, til dæmis með uppbyggingu innviða hvað varðar vistvæna ferðamáta og með bættu stígakerfi sem leiðir til fjölgunar notenda stígakerfis. Við endurnýjun farartækja bæjarins skal velja vistvænar leiðir og kanna möguleika á léttari farartækjum í stað bíla s.s. rafmagnshlaupahjóla, vespa eða rafmagnshjóla. Starfsmenn Kópavogsbæjar verði hvattir til að nýta sér vistvæna ferðamáta.



Aukin gróðursetning og skógrækt



- Að auka gróðursetningu og skógrækt sem stuðlar að kolefnisjöfnun og kolefnisbindingu. Í anda heimsmarkmiðs 17 þá verði horft til samvinnu við félagasamtök um gróðursetningu og skógrækt.



Vistvænni innkaup



- Auka vistvæn innkaup hjá Kópavogsbæ meðal annars í formi útboða þar sem fram koma umhverfisskilyrði eða kröfur sem á annan hátt eru til þess fallin að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.



Betri nýting á orku



- Að nýta orku á hagkvæmari hátt og draga úr notkun hennar. Fyrirtæki, íbúar og starfsfólk Kópavogs er hvatt til orkusparandi umgengni bæði hvað varðar raforku og hitaveitu. Við endurnýjun stærri tækja Kópavogs verði hugað að orkusparandi tækjum.



Takk fyrir



Kópavogsbær

Spurningar





Minnkad magn úrgangs

- Að minnka magn úrgangs í sveitarfélaginu.

Mælikvarðar

- *Klappir* Heildarmagn úrgangs hjá stofnunum Kópavogs
- *ISO37120* 16.2 Heildarmagn úrgangs í sveitarfélaginu á mann
- *ISO37120* 16.4 Hlutfall úrgangs sem er losaður í einangraðan urðunarstað sem uppfyllir reglugerð



Aukin endurvinnsla

- Að leggja áherslu á aukna endurvinnslu þannig að hlutfall úrgangs sem er endurunninn aukist.

Mælikvarðar

- *Klappir* Hlutfall úrgangs hjá stofnunum Kópavogs sem er endurunninn
- *ISO37120* 16.3 Hlutfall úrgangs sem er endurunninn
- *ISO37120* 16.6 Hlutfall úrgangs sem er notaður í jarðgerð eða til framleiðslu lífgass



Vistvænir ferðamátar

- Að stuðla að fjölbreyttari og vistvænni ferðamátum.

Mælikvarðar

- *Klappir* Eldsneytisnotkun ökutækja hjá stofnunum Kópavogs
- *Innanhús gögn* Hlutfall vistvænna ökutækja af ökutækjaflota Kópavogs
- *ISO37120* 19.2 Fjöldi ferða með almenningssamgöngum á mann á ári
- *ISO37120* 19.3 Hlutfall þeirra sem ferðast til vinnu með öðrum ferðamáta en sem ökumaður einkabíls
- *ISO37122* 19.3 Hlutfall skráðra ökutækja sem eru vistvæn
- *ISO37122* 19.14 Hlutfall strætisvagnafloata bæjarins sem er vistvænn



Aukin gróðursetning og skógrækt

- Að auka gróðursetningu og skógrækt

Mælikvarðar

- *Innanhús gögn* Fjöldi græðlinga/lítilla trjáa sem er plantað á ári
- *Innanhús gögn* Fjöldi trjáa sem er plantað á ári
- *Innanhús gögn* Fjöldi runna sem er plantað á ári



Vistvænni innkaup

- Auka vistvæn innkaup hjá Kópavogsbæ

Mælikvarðar

- *Heimsmarkmiðavísitala Kópavogs* Hlutfall útboða þar sem fram koma umhverfisskilyrði eða kröfur sem á annan hátt eru til þess fallin að minnka umhverfisáhrif



Betri nýting á orku

Mælikvarðar

- *Klappir* Rafmagnsnotkun hjá stofnunum Kópavogsbæjar
- *Klappir* Hitavatnsnotkun hjá stofnunum Kópavogsbæjar
- *ISO37120 7.1* Heildarorkunotkun á mann (GJ/ári)
- *ISO37120 7.2* Hlutfall heildarorkunotkunar sem kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum
- *ISO37120 7.5* Heildarorkunotkun opinberra bygginga á ári (GJ/m²)



References:

- Slide 2, Figure 1, Sjálfbæra þróun sem jafnvagi adopted from: <https://birta.is/um-sjodinn/frettir/ad-syna-abyrgd/>
- Slide 3, Figure 2, Scale, adopted from: <https://www.linkedin.com/company/cambridge-law-studio-limited/>
- Slide 4, Figure 3, Question mark, adopted from: <https://creativiteach.me/2015/09/27/students-as-questioners-1-whats-a-question/>
- Slide 5, Figure 4, Sustainable Development Goals, adopted from: <https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/heimsmarkmidin/>
- Slide 6, Figure 5, Arrow, adopted from: <https://www.nationalbusinessexcellence.lk/application.html>
- Slide 7, Figure 6, Waste bin, adopted from: <https://www.sabert.eu/sustainability/>
- Slide 7, Figure 7, Waste Hierarchy, adopted from: https://environment.ec.europa.eu/topics/waste-and-recycling/waste-framework-directive_en
- Slide 7, Figure 8, Laboratory weight, adopted from: <https://www.istockphoto.com/>
- Slide 7, Figure 9, Green apple earth design, adopted from: <https://www.vectorstock.com/>
- Slide 8, Figure 10, Waste recycling, adopted from: <https://www.indiamart.com/proddetail/e-waste-recycling-program-21684103497.html>
- Slide 9, Figure 11, Sustainable transport, adopted from: <https://www.ebikecentral.net/2019/07/05/zero-emission-personal-transportation/>
- Slide 10, Figure 12, Planting vegetation, adopted from: <https://www.gettyimages.com/>
- Slide 11, Figure 13, Green shopping, adopted from: <https://www.gettyimages.com/>
- Slide 12, Figure 14, Green lightbulb, adopted from: <https://www.exchange4media.com/marketing-news/how-brands-are-observing-world-energy-conservation-day-101449.html>
- Slide 14, Figure 15, Questions, adopted from: <https://www.gettyimages.com/>